

## Af hverju er sagnfræðin svona skrítin?

Axel Kristinsson

Sagnfræðingar eru oftast ekki mikið gefnir fyrir almenn lögmál og enda þótt þeir noti þau stundum ef þau eru koma úr fræðigreinum, eins og eðisfræði eða mannfræði, þá er býsna sjaldgæft að þeir telji það hlutverk sitt að uppgötva lögmál sem skýra með almennum hætti hvernig atburðir eða þróunarferlar mannegra samfélaga hegða sér. Yfirleitt láta þeir sér nægja að skýra einstaka atburði eða ferla ef þeir sleppa ekki bara öllum orsakaskýringum. Nú má reyndar halda því fram að allar orsakaskýringar feli í sér almenn lögmál; að ef skýringin er gild í einu tilfelli þá hljóti hún einnig að eiga við í öðrum tilfellum þar sem forsendur eru þær sömu. Þannig séu allar sagnfræðilegar orsakaskýringar almenn lögmál í dulargervi. Á hinn bóginn er ljóst að flestir sagnfræðingar eru ófúsir að stíga skrefið frá stakri orsakaskýringu til almennra ályktanna þótt það sé, að mati þess sem hér mælir, bæði einfalt og sjálfsagt.<sup>1</sup>

Til að fyrirbyggja misskilning er rétt að útskýra stuttlega hvað átt við með lögmálum eða meginreglum. Hér er ekki átti við einhvers konar forlagatrú um að samfélög hljóti að þróast eftir ákveðinni forskrift heldur, eins og í öðrum vísindum, að ef vissar forsendur eru fyrir hendi þá fáum við tilhneigingu í ákveðna átt. Þegar fjallað er um flókinn veruleika, eins og sögu mannegra samfélaga, er mikilvægt að tala um tilhneigingar fremur en að lögmálin segi nákvæmlega fyrir um rás viðburða. Snjókornt fellur til jarðar af því að þyngdarlögmálið verkar á það en það þýðir ekki að hægt sé að segja nákvæmlega fyrir um fall þess. Þar koma ýmsir aðrir þættir við sögu; snjókorntið getur fokið burt eða bráðnað og gufað upp áður en það nær til jarðar. Sumar vísindagreinar nota tilraunastofur til að einangra þá krafta sem rannsaka á en því verður ekki alltaf við komið. Í sagnfræði og mörgum öðrum fræðigreinum verður að leiða eðli fyrirbæranna í ljós með beinum athugunum og helst með samanburði á nokkrum mismunandi tilvikum.

Hvort almenn lögmál eigi við í sagnfræði — hvort til séu lögmál sem eru sérstök fyrir sögu samfélaga okkar — er margrædd spurning og sýnist sitt hverjum.<sup>2</sup> Um það verður þó varla deilt að sagnfræðin er dálítið sérkennileg í lögmálstregðu sinni því yfirleitt er það helsta markmið vísinda að afhjúpa almenn lögmál fremur en að skýra hvert tilvik fyrir sig. Hvort sem fólk aðhyllist lögmál í sagnfræði eða ekki þá hlýtur það að vera áhugaverð spurning hvers vegna sagnfræðin hefur þessa sérstöðu. Þeir sem telja að sagan sé ekki háð lögmálum munu líklega halda

<sup>1</sup> Axel Kristinsson, *Expansions. Competition and Conquest in Europe Since the Bronze Age* (Reykjavík 2010), bls. 33–35.

<sup>2</sup> Hugmyndir um lögmál í sögunni hafa ekki verið ýkja vinsælar á síðari árum þótt Hempel hafi á sínum tíma talað fyrir þeim, sjá: C.G. Hempel „The function of general laws in history“, *The Journal of Philosophy* 39:2 (1942). Nýjan og ágætan rökstuðing fyrir því að þau ættu samt heima í verkum sagnfræðinga má finna hjá: Bert Leuridan og Anton Froeyman, „On lawfulness in history and historiography“, *History and Theory* 51:2 (2012).

að sérstaðan stafi einfaldlega af því að lögmál eigi ekki við í sagnfræði. Fyrir okkur hin er þetta ákveðið vandamál sem gott væri að eiga svar við.

Hér á eftir verður gerð tilraun til að greina þessa sérstöðu sagnfræðinnar út frá þróunarfræði, sem á síðari árum hefur verið að ryðja sér til rúms í ýmsum fræðigreinum öðrum en líffræði.<sup>3</sup> Þetta er varla eiginleg sagnfræðirannsókn, að minnsta kosti ekki í hefðbundnum skilningi, heldur frekar eins konar kenningarlegur leiðarvísir um hvernig hægt er að taka á spurningunni um sérstöðu sagnfræðinnar.

## Sagnir og þróun

Segja má að sagnfræði sé, eða geti verið, ákveðið afbrigði af þeirri almennu hegðun að segja sögur. Við skulum því byrja á að fjalla um sögur almennt í ljósi þróunarfræði.

Hvers vegna segjum við sögur? Einfalda svarið er að okkur þyki það skemmtilegt og þótt það sé alveg gilt svar þá er það tæpast fullnægjandi á meðan ekki hefur verið útskýrt hvers vegna svo sé.

Í þróunarfræði (og víðar) er gjarnan gerður greinarmunur á nærskýringu (*proximate cause/explanation*) og endaskýringu (*ultimate cause/explanation*).<sup>4</sup> Blár augnlitur stafar af því að viðkomandi er með tvö eintök af því (víkjandi) geni sem dregur úr litarefni í lithimnu augans. Þetta er alveg gild skýring en aðeins sem nærskýring því hún útskýrir ekki af hverju þessi gen urðu til og enn síður af hverju þau urðu ríkjandi í norðanverðri Evrópu; það er að segja hvers vegna fólk með þessi gen eignaðist þar fleiri afkomendur en annað fólk. Ef við gætum útskýrt það þá værum við komin með endaskýringu.

Við getum því sagt að ánægja okkar af sögum virki sem nærskýring en þá er eftir að skýra hvaða tilgangi sú ánægja þjónar fyrir okkur sjálf eða samfélag okkar — eða hvort hún þjóni einhverjum tilgangi. Nú er alveg hugsanlegt að eiginleikar eins og sagnaáráttan stafi af þróunarfræðilegri hendingu og hafi ekkert sérstakt hlutverk. Hún sé eins og botnlanginn sem er bara til vandræða en þó ekki það mikilla að hann hverfi alveg við náttúruval. Það verður þó að teljast fremur ólíklegt miðað við hvað sögur eru stór þáttur í lífi okkar allra, bæði sem einstaklinga og samfélags. Botnlanginn er enn til, þótt hann gegni engu hlutverki, aðeins vegna þess að hann er oftast ekkert að þvælast fyrir okkur — við vitum ekki af honum fyrr en á bjátar. Það gildir ekki um sögur. Þær skipta meira máli í lífi okkar en svo að líklegt sé að þær gegni ekki einhverju þróunarlegu hlutverki, hafi *fúnksjón*.

<sup>3</sup> Sjá einkum: David Sloan Wilson, *Evolution for Everyone: How Darwin's Theory Can Change the Way We Think About Our Lives* (New York 2007).

<sup>4</sup> David Sloan Wilson, *Darwin's Cathedral. Evolution, Religion and the Nature of Society* (Chicago 2002), bls. 67–68 og víðar. Thomas C. Scott-Phillips, Thomas E. Dickins og Stuart A. West, „Evolutionary theory and the ultimate–proximate distinction in the human behavioral sciences“, *Perspectives on Psychological Science* 6:1 (2011).

Þróunarkenningin er í eðli sínu fúnksjónalísk kenning.<sup>5</sup> Eiginleikar fyrirbæranna eru útskýrðir út frá fúnksjón þeirra, hvað hlutverki þeir gegna. Hlutverk augnanna er að sjá og veita okkur þannig upplýsingar um umhverfið. Tiltækin gen segja fyrir um gerð augnanna (sem er nærskýring) en endaskýringin hlýtur að felast í hlutverki augnanna við að skynja umheiminn. Ekki svo að skilja að allt eigi sér fúnksjón eða hlutverk. Eiginleikar geta komið fram sem eiga sér ekkert sérstakt hlutverk en viðhaldast engu að síður. Það getur gerst við genarek (*genetic drift*) þar sem mismunandi afbrigði gena hafa enga sérstaka kosti eða ókosti í för með sér og það er hrein hending hver lifa af og hver ekki. Við ættum því ekki að aðhyllast fúnksjónalískar skýringar af prinsippástæðum — þær eiga stundum við og stundum ekki. Þróunarlega mikilvægir eiginleikar hafa þó yfirleitt einhverju hlutverki að gegna fyrir einhvern. Og það gildir áreiðanlega um sagnaáráttuna.

Hér er nauðsynlegt að staldra við og leggja áherslu á að þróunarleg aðlögun okkar tegundar að umhverfi sínu er ekki eingöngu genetísk heldur er hún ekki síður menningarleg. Með menningu er hér átt við hegðunarmynstur sem dreifast og afritast milli einstaklinga með félagslegum hætti og þótt fáeinar aðrar tegundir hafi einhvern vísi að menningu þá kemst engin þeirra í sjónmál við okkur hvað varðar menningarlega aðlögun.

Menning virkar í stórum dráttum svipað og gen við að móta hegðun okkar og aðlaga umhverfinu og breytingum á því. Hugtak Richards Dawkins, mím (*meme*) er af þessum rótum en það á að vera eins konar menningarleg hliðstæða gena.<sup>6</sup> Mikilvægasti þróunarlegi munurinn á genum og menningu er sá að menningarleg aðlögun getur gerst miklu hraðar sem þýðir að tegund okkar, þar sem aðlögun er að miklu leyti menningarleg, er margfalt aðlögunarhæfari en allar sambærilegar tegundir. Eins og D.S. Wilson orðaði það: „Our capacity for culture shifted evolution into hyperdrive.“<sup>7</sup>

Hegðun okkar á sér þannig bæði rætur í genum og menningu. Hvort sagnaáráttan er meira af genetískum eða menningarlegum rótum skal ósagt látið — kannski er líklegast að hvort tveggja komi við sögu. Sagnaáráttan er þannig aðlögunartæki sem lætur okkur hafa gaman af sögum. Við gætum kannski talað um sagnagen eða sagnamím en á meðan við höfum ekki nákvæmar upplýsingar um hvaðan þessi árátta kemur, skulum við bara tala um sagnaáráttu.

---

<sup>5</sup> Wilson, *Darwin's Cathedral*, bls. 6–7, 47–85.

<sup>6</sup> Richard Dawkins, *The Selfish Gene*. 30<sup>th</sup> anniversary edition (Oxford 2006), bls. 189–201. Sá sem hér skrifar kýs að nota þetta hugtak sparlega eða ekki þar sem það gefur til kynna að merkingareiningar menningar séu skýrar og vel aðgreindar sem verður að teljast vafasamt. Dawkins sjálfur notar hugtakið aðallega um það sem kalla má menningarlega vírusa sem sníkja á tegund okkar og er það sérlega áberandi í umfjöllun hans um trúarbrögð, sjá: Richard Dawkins, *The God Delusion* (London 2006).

<sup>7</sup> Wilson, *Evolution for Everyone*, bls. 218. Sjá einnig: Peter J. Richerson og Robert Boyd, *Not by Genes Alone. How Culture Transformed Human Evolution* (Chicago 2005).

Næsta skref er að athuga á hvaða skipulagsþrepi lífsins sagnaáráttan virkar sem aðlögunartæki. Þetta tengist nýlegum hugmyndum í þróunarfræði um fjölþrepaúrval (*multilevel selection theory*).<sup>8</sup> Þar er lögð áhersla á að lífið er samsett úr mörgum þrepum, frá sameindum til einfaldra fruma (eins og baktería), til flókinna fruma (kjarnafruma), til fjölfruma einstaklinga, til samfélaga. Aðlögun getur átt sér stað á öllum þessum þrepum samtímis.

Þau þrep sem skipta mestu máli hér eru þau tvö síðastnefndu, einstaklingar og samfélög þeirra. Að líta á samfélög sem aðlögunareiningu felur í sér það sem kallað er hópúrval (*group selection*). Hópúrval var lengi talin villukenning innan þróunarfræði jafnvel þótt Darwin sjálfur hefði aðhyllst það. Á síðari árum hefur það þó hlotið talsverða uppreisn æru með fjölda áhrifamikilla talsmanna meðal þróunarfræðinga.<sup>9</sup> Hópúrval merkir að náttúruval virkar ekki aðeins á einstaklinga heldur einnig hópa einstaklinga þannig að sumir hópar lifa frekar af en aðrir og það hefur áhrif á þróun tegundarinnar í heild. Hópúrval er þannig undirstaða fjölþrepaúrvals því að hvert nýtt þrep verður upprunalega til með því að einingar úr næsta þrepi fyrir neðan taka upp nána samvinnu — mynda hóp.<sup>10</sup>

Þegar kemur að þróun mannlegra samfélaga þá hlýtur athyglin að beinast aðallega að einstaklingum og hópum þeirra eða samfélögum. Hafa ber í huga að aðlögun einstaklingsins og hópsins stefnir ekki endilega í sömu átt — það getur komið fram viss togstreita á milli einstaklingsúrvals og hópúrvals. Jafnvel ef hópurinn verður upphaflega til sem tæki til að hjálpa einstaklingum að lifa af og fjölga sér þá öðlast hann oft sína eigin tilveru og fær sína eigin hagsmuni sem eru ekki nákvæmlega þeir sömu og hagsmunir hvers einstaklings innan hópsins, rétt eins og líkami okkar getur fórnað sumum fruma sinna fyrir hagsmuni heildarinnar.

Þessi togstreita býr sennilega að baki hugmyndum okkar um gott og illt. Gott er það sem einkennist af fórnþýsi og gagnast öðrum meðlimum hópsins. Illt er það sem einkennist af eigingirni og gagnast aðeins manni sjálfum, einkum ef það er á kostnað annarra og hópsins. Þessi hugsun ber einkenni þess að vera hugmyndafræði hópsins og samkvæmt henni tengist *gott* hópúrvali en *illt* einstaklingsúrvali.<sup>11</sup> En bæði einstaklingurinn og hópurinn eru aðlögunareiningar — einingar sem náttúruval virkar á. Slíkt val er í gangi á báðum þrepum samtímis sem skapar þá togstreitu sem býr á bak við mikið af sköpunarkrafti mannlegra samfélaga.<sup>12</sup>

<sup>8</sup> Elliott Sober og David Sloan Wilson, *Unto Others. The Evolution and Psychology of Unselfish Behavior* (Cambridge 1998), bls. 101–131.

<sup>9</sup> David Sloan Wilson og Edward O. Wilson, „Rethinking the theoretical foundation of sociobiology“, *The Quarterly Review of Biology* 82:4 (2007). Martin A. Nowak, Corina E. Tarnita og Edward O. Wilson, „The evolution of eusociality“, *Nature* 466 (26 August 2010).

<sup>10</sup> David Sloan Wilson, Mark Van Vugt og Rick O’Gorman, „Multilevel selection theory and major evolutionary transitions. Implications for psychological science“, *Current Directions in Psychological Science* 17:6 (2008).

<sup>11</sup> Wilson, *Evolution for Everyone*, bls. 28–35.

<sup>12</sup> Edward O. Wilson, *The Social Conquest of Earth* (New York 2012, Kindle útgáfa), kafli 24.

## Hugmyndir Boyds

Bókmenntafræðingurinn Brian Boyd skoðaði sögur út frá þróunarfræði í nýlegri bók þar sem margt athyglisvert er að finna.<sup>13</sup> Kannski er áhugaverðust skýring hans á því hvers vegna við stundum yfirleitt listir en hann telur bókmenntir og sögur þar með. Boyd vill skýra listir með því sem hann kallar hugsanaleik (*cognitive play*) og vísar það til leikja ungvíðis margra dýrategunda sem almennt er talið að gegni því þróunarlega hlutverki að þjálfra hæfni af ýmsu tagi, svo sem jafnvægi, vöðvastyrk eða viðbragð, sem gagnast þeim síðar í lífsbaráttunni.<sup>14</sup>

En hjá fólki ræðst hæfni í lífsbaráttunni ekki síður, og jafnvel frekar, af andlegri færni, að geta séð fyrir sér all konar kringumstæður og tekist á við þær með hugsun, sveigjanleika og ímyndunarafl að vopni. Slíka andlega hæfni þarf ekkert síður að þjálfra upp en líkamlega færni og listir eru aðferðin sem þróunin hefur fundið til að gera það að mati Boyds.

Þetta er athyglisverð skýring sem vel getur verið eitthvað til í þótt ekki sér víst að þar með sé öll sagan sögð — reyndar gerir Boyd sjálfur ráð fyrir að ýmislega annað skipti máli, eins og baráttan um athygli hins kynsins.<sup>15</sup> Enda er það svo að fyrirbæri sem koma fram við þróun hafa oft ekki aðeins eitt hlutverk heldur geta þau safnað að sér mörgum hlutverkum (sjá síðar).

Út frá þessu ræðir Boyd síðan um ósannar sögur (*fiction*) og reynir að skýra hvers vegna við höfum svo gaman af sögum sem, frámt frá sagt, eru lygi. Samkvæmt honum þá hugnast okkur lygasögur vegna þess að þær þjálfra ímyndunarafl okkar og hæfni til að takast á við aðstæður sem við höfum aldrei lent í. Ýmsar svona sögur eru þess eðlis að þær geta ekki verið sannar en geta engu að síður undirbúið okkur undir að takast á við óvæntar kringumstæður.<sup>16</sup>

Hér er nauðsynlegt að gera athugasemd við hugmyndir Boyds. Hvort sögur eru sannar eða ósannar skiptir kannski ekki öllu máli. Tæplega er hægt að halda því fram að sögurnar *þurfi* að vera ósannar til að þær virki með þeim hætti sem Boyd talar um. Sögurnar myndu líklega þjálfra upp sömu færni hvort sem þær væru sannar eða ósannar. Við virðumst hafa þessa sagnaáráttu en er hún það fullkomin og „gáfuð“ að hún geti greint á milli sannra og ósannra sagna eða jafnvel gagnlegra og ógagnlegra? Er ekki líklegra að sagnaáráttan gegni því einfalda hlutverki að fá okkur til að segja og hlusta á sögur en ráði alls ekki við að greina frekar að gagnsemi eða sannleiksgildi?

Að mínu mati horfir Boyd of mikið til einstaklingsúrvals en ekki nóg til hópúrvals þegar hann mótar skýringar sínar en þar að auki virðist hann reyna að skýra sögur í of miklum

<sup>13</sup> Brian Boyd, *On the Origin of Stories. Evolution, Cognition, and Fiction* (Cambridge 2009, Kindle útgáfa).

<sup>14</sup> Boyd, *On the Origin of Stories*, kafli 6.

<sup>15</sup> Hér má einnig benda á „the narrative intelligence hypothesis“ sem telur sagnir hafa þróast samhliða vaxandi flækjustigi samfélaga forfedra okkar þar sem þær stuðluðu að aukinni skilvirkni félagstengsla. Kerstin Dautenhahn, „The lemur’s tale. Story-telling in primates and other socially intelligent agents“, *Narrative Intelligence. Papers From the AAAI Fall Symposium*. AAAI Technical Report FS-99-01 (1999). Michael Mateas og Phoebe Sengers, „Narrative intelligence“, *Narrative Intelligence. Papers From the AAAI Fall Symposium*. AAAI Technical Report FS-99-01 (1999).

<sup>16</sup> Boyd, *On the Origin of Stories*, kafli 13.

smáatriðum — eins og þær séu hnífur skurðlæknis sem hafi mjög sérhæft og skýrt afmarkað hlutverk. Ég tel ósennilegt að svo sé og einmitt þess vegna séu sögur sveigjanlegar og geti auðveldlega tekið að sér ný hlutverk; sagnaáráttan sé ósérhæfð, hún fái okkur bara til að segja sögur. Hún er þá nærskýring sem getur þjónað ýmsum endaskýringum.

### **Hlutverk sagna**

Mannshöndin hefur ekkert eitt skýrt afmarkað hlutverk. Upphaflega kom vísir hennar líklega fram til að forfeður okkar gætu sveiflað sér í trjágreinum en síðan þróuðust önnur hlutverk eins og að halda á hamri, tala táknmál, skrifa á tölvu, smella fingrum eða veifa. Þessi skortur á vel skilgreindu hlutverki er einmitt þróunarlegur styrkur hennar. Höndin er fjölhæf og getur endalaust tekið að sér ný hlutverk.

Boyd kann að hafa rétt fyrir sér um að upphaflega hafi sögur komið fram til að þjálfra andlega hæfni en, líkt og mannshöndin, hafa þær tekið að sér ýmis önnur hlutverk bæði fyrir einstaklinga og hópa.

Sagnamaður getur til dæmis haft hag af því að segja sögur ef það færir honum virðingu og áhrif. Hann þarf síðan áheyrndur og því þurfa sögur að vera áhugaverðar fyrir þá. Þeir þurfa hins vegar alls ekki að vera meðvitaðir um að þeir hafi eitthvert gagn af sögunum. Ef það er rétt sem ég legg hér til, að við höfum einfaldlega sagnaáráttu sem getur með ýmsum hætti nýst bæði einstaklingum og hópum, þá er einnig ljóst að hægt er að segja sögur sem ekki hafa neinu sérstöku hlutverki að gegna öðru en að skemmta fólki — sögur sem gera ekki annað en að gæla við sagnaáráttuna, svipað og þegar matgæðingar gæla við bragðlaukana. Slíkar sögur getum við kallað *skemmtisögur* og segja má að það sé eitt hlutverk sagna, jafnvel þótt það sé þróunarleg aukaverkun. Önnur hlutverk sem ég ætla að beina athyglinni að, tengjast frekar endaskýringum og má nefna *raunsögur* og *hópsögur*. Hafa ber í huga að hér er um hlutverk að ræða fremur en að sögur greinist skýrt í þessa flokka. Sama sagan getur til dæmis bæði gegnt hlutverki hópsögu og skemmtisögu.

Bæði sem einstaklingar og hópar þurfum við sannar og áreiðanlegar upplýsingar um eitt og annað í samfélagi og umhverfi okkar. Miðlun slíkra upplýsingar tekur gjarnan á sig söguform. Upplýsingamolum er raðað saman þannig að þeir myndi einhverskonar rökrænt samhengi — og reyndar má vel vera að slík upplýsingamiðlun hafi haft eitthvað með tilurð sagnaáráttunnar að gera; að hún tengist ekki aðeins hugsanaleik Boyds. Slíkar sögur getum við kallað raunsögur og hlutverk þeirra er að miðla raunveruleguum upplýsingum. Miðlun vísindapekkingar í nútímanum má kalla raunsögur enda fylgja vísindaritgerðir í grófum dráttum söguforminu sem er einfaldlega

hentug leið til að miðla upplýsingum.<sup>17</sup> Þar sem vísindi snúast yfirleitt mest um að afhjúpa lögmál má segja að vísindaritgerðir séu raunsögulegar frásagnir þar sem fléttan í sögunni, kjarninn sem skýrir samhengi og orsakatengsl, er í formi almennra lögmála jafnvel þótt athyglinni sé stundum beint að stökum tilvikum.

En sagnaáráttan hefur öðru hlutverki að gegna fyrir hópinn. Hópúrval þýðir að hópurinn er aðlögunareining í þróunarfræðilegum skilningi — hann er eining sem náttúruval virkar á. Allar slíkar einingar þurfa einhver tæki til að tryggja samhæfingu og láta einingar hópsins vinna saman í stað þess að keppa sín á milli. Mannslíkaminn hefur slíkar aðferðir — sem bregðast reyndar stundum þegar frumurnar verða eigingjarnar og krabbamein myndast. Hópur manna þarf líka slík tæki og svo virðist sem sagnaáráttan sé þar mikilvæg, einkum í stærri og flóknari hópum. Það er að stórum hluta í gegnum sagnir, sögur og bókmenntir sem hópar skilgreina sig, skapa sér sameiginlega sjálfsmynd, gildismat, siðferði, tísku og smekk og aðgreina sig frá öðrum hópum.<sup>18</sup>

Undir hópsöguhlutverkið falla ekki aðeins sagnir úr sameiginlegri fortíð heldur einnig til dæmis þjóðsögur og ævintýri sem kenna fólki „rétt“ viðhorf og hegðun og ekki síst trúarbrögð. Hlutverk þeirra innan hópsins virðist einmitt vera að skilgreina hann og tryggja innri samstöðu — búa þannig til samfélag trúaðra.<sup>19</sup>

En hópsögur geta einnig tekið á sig aðra mynd og mikilvægari fyrir okkar umræðuefni því að hópar skilgreina sig yfirleitt að stórum hluta út frá sögu sinni, hinni sameiginlegu fortíð. Og hin sameiginlega fortíð er viðfangsefni sagnaritara og sagnfræðinga. Slík sameiginleg fortíð þarf alls ekki að vera sönn til að gegna hlutverki sínu en það gildir auðvitað um allar hópsögur eins og augljóst má vera um trúarbrögð. Það sem skiptir máli um hópsögur er að þær dugi til að þjappa hópnum saman og efla samkeppnisstöðu hans. Sannleikurinn er þar algert aukaatriði.

Árið 1987 setti taugafræðingurinn W.H. Calvin fram hugmyndina um Darwinvél (*Darwin machine*).<sup>20</sup> Með því átti hann við kerfi sem virkar á svipaðan hátt og darwinísk þróun gerir í lífríkinu. Mismunandi mynstur keppa sín á milli þannig að sum reynast betur en önnur eftir því hvernig þau hæfa skilyrðum sem þeim eru búin. Út frá best heppnuðu mynstrunum verður til ný kynslóð með smávegis frávikum og blæbrigðum sem sum reynast enn betur en fyrri kynslóðin.

<sup>17</sup> Grobstein segir meira að segja að vísindi séu ákveðið form sagnamennsku. Paul Grobstein, „Revisiting science in culture. Science as story telling and story revising“, *Journal of Research Practice*, 1:1, Article M1, 2005. <http://jrp.icaap.org/index.php/jrp/article/view/9/17>

<sup>18</sup> Itamar Even-Zohar, „The role of literature in the making of the nations of Europe. A socio-semiotic study“, *Applied Semiotics* 1:1 (1996). Axel Kristinsson, „Lords and literature. The Icelandic sagas as political and social instruments.“ *Scandinavian Journal of History* 28:1 (2003).

<sup>19</sup> Sjá einkum: Wilson, *Darwin's Cathedral*. Samkvæmt rannsóknum Magnúsar S. Magnússonar má meira að segja líta á trúarlega texta sem stjórntæki samfélagshegðunar sem sýna svipuð mynstur og DNA gerir sem stjórntæki lífrænnar hegðunar, sjá: Magnús S. Magnússon, „Religion and hidden patterns in behaviour. Religion as a biological phenomenon“ [Chapter 4], *The Biology of Religious Behaviour. The Evolutionary Origins of Faith and Religion*. Ed. by Jay R. Feierman (Santa Barbara 2009).

<sup>20</sup> William H. Calvin, „The brain as a Darwin machine“, *Nature* 330 (5 November 1987). Boyd (*On the Origin of Stories*) ræðir einnig listir og bókmenntir sem Darwinvél á nokkrum stöðum.

Þetta ferli er svo endurtekið í sífellu þannig að kerfið í heild þróast í átt sem hentar stöðugt betur þeim skilyrðum sem því eru búin. Calvin notaði Darwinvél til að varpa ljósi á heilastarfsemi fólks en svona ferli getur átt við miklu víðar, augljóslega um þróun lífsins, en einnig um þróun sagna.<sup>21</sup> Darwinvélin er því líkan sem getur gagnast okkur við að skoða bæði raunsögur og hópsögur.

Sem Darwinvél framleiðir saganbrunnur samfélagsins hópsögur. Ótölulegur grúi sagna verður til og fjölgar sér bæði með því að gamlar sögur klotna þegar þær eru endursagðar misnákvæmlega en ekki síður vegna þess að vel heppnaðar sögur stuðla að eftirhermum sem þó eru eitthvað frábrugðnar. Það eru hinsvegar viðtökur hópsins sem ráða hvaða sögur „lifa af“. Hvernig hópar velja sér sögur er flókið mál sem tengist innri gerð þeirra, valdakerfum, hefðum og fleiru sem hér er ekki rúm til að huga að nánar að. Okkur dugir að segja að hópurinn velji sér þær sögur sem honum hentar og að þær verða hluti af hugmyndaheimi hans, gildimati, sjálfsmynd, siðum og venjum. Þannig framleiðir Darwinvél sagnabrunnsins þær sögur sem hópurinn getur notað.

En framleiðsla þekkingar fylgir sama mynstri. Ný þekking byggir á gamalli þekkingu, er tilbrigði við hana eða bætir við. Í vísindum fer úrvalið fram á grundvelli vísindalegra aðferða — hvað þykir vera vísindalega áreiðanlegt og mikilvægt. Lögmál og þekkingaratriði sem standast endurteknar prófanir „lifa af“ og verða grundvöllur nýrrar kynslóðar í þekkingarframleiðslu. Það sem ekki stenst skoðun deyr út. Þannig má segja að vísindi séu raunsöguleg Darwinvél.

Þar sem mismunandi mælikvarðar liggja til grundvallar þess hvaða sögur lifa af í hlutverki hópsögu og raunsögu er ekki að furða að þessi tvö hlutverk hafi smám saman verið að fjarlægjast. Eitt sinn voru trúarbrögð og vísindi ekki eins óskyld og í dag og Biblían þótti ágæt heimild um sögu og eðli heimsins. Það gildir ekki lengur og það verður stöðugt erfiðara að samræma og setta hópsögur (t.d. goðsagnir) og raunsögur (t.d. vísindi). Það er einfaldlega vegna þess að úrvalið á sér ekki stað með sama hætti. Þær hópsögur sem lifa af eru þær sem samræmast best þörfum og væntingum hópsins en þær raunsögur lifa af sem eru sannastar. Þetta tvennt fer sjaldan saman.

## **Sagnir og sagnfræði**

Kannski hafa sögur upphaflega orðið til sem „hugsanaleikur“ og kannski hefur raunsöguhlutverkið einnig skipt máli. Hver sem endaskýringin upphaflega var, þá kom fram sagnaárátta sem nærskýring sem virkaði þannig að fólk fór að hafa gaman af allskyns sögum alveg burtséð frá gagnsemi þeirra eða sannleiksgildi.

---

<sup>21</sup> Hér má einnig nefna að nýlega hafa verið gerðar tilraunir sem sýna að tónlist getur þróast með þessum hætti, sjá: Robert M. MacCallum, Matthias Mauch, Austin Burt, og Armand M. Leroi, „Evolution of music by public choice“, *Proceedings of the National Academy of Sciences of the USA* (Published online before print June 18, 2012), doi: 10.1073/pnas.1203182109 (<http://www.pnas.org/cgi/doi/10.1073/pnas.1203182109>).



Litlir hópar veiðimanna og safnara þar sem allir þekktust hafa ekki átt í verulegum vandræðum með að tryggja innri samstöðu — það gerðist aðallega í persónulegum samskiptum. En þegar hópar stækkuðu og efldust þá þurfti aðrar aðferðir. Þá kom sér vel að vegna sagnaáráttunnar hafði fólk gaman af allskyns sögum því þarna var tæki sem hægt var að nota til að miðla viðhorfum sem voru gagnleg stórum hópum eða að minnsta kosti áhrifamiklum öflum innan þeirra.

Hópurinn nýtti sér þannig áratu sem þegar var fyrir hendi og fékk henni nýtt hlutverk. Þróun virkar oft einmitt með þessum hætti; eiginleikar sem koma fram af einni ástæðu eru á endanum nýttir í eitthvað allt annað. Sundmaginn var upphaflega jafnvægistæki fiska í sjónum en hann þróaðist í lungu til öndunar á landi.

Í hinu nýja hlutverki sínu þurftu sögur alls ekki að miðla neinum gagnlegum upplýsingum og ekki einu sinni hegðun sem var gagnleg einstaklingum. Og þær þurftu alls ekki að vera sannar. Þær þurftu einungis að vera skemmtilegar eða áhugaverðar á einhvern hátt og þær þurftu að miðla viðhorfum eða hegðunarmynstri sem gagnaðist hópnum í heild og styrkti innviði hans. Hvort slík hegðun var einnig gagnleg einstaklingum hópsins var algert aukaatriði.

Skipuleg trúarbrögð hafa líklega orðið til með þessum hætti sem sagnir sem styrktu og efldu sameiginlega sjálfsmynd og heimsmynd hópsins og hlóðu þannig undir samstöðu hans.<sup>22</sup> Hér átti sér stað úrval þar sem þær sagnir sem virkuðu best í þessu hlutverki lifðu frekar af en hinar, vegna þess að hópar með slíkar sögur lifðu frekar af. En einnig vegna þess að sögur öflugra hópa virtust merkilegar og voru því fengnar að láni og aðlagðar. Að þessu leyti virkar menningarleg þróun öðruvísi en genetísk því að hegðun er ekki aðeins afrituð til afkomenda heldur einnig til óskyldra hópa.<sup>23</sup>

Trúarbrögð fela þannig í sér hópsagnir en það sama má segja um alls konar upprunasagnir og godsögur um fortíð hópsins. Slíkar sögur er reyndar oft erfitt að greina frá trúarlegri heimsmynd eins og augljóst er af sögum Snorra-Eddu eða Gamla testamentisins.

Þegar sagnaritun hófst þá lenti hún strax inn í samhengi hópsögunnar. Vandinn er sá að sagnaritun og sagnfræði fást við fortíð hópa og fortíð hópa er mikilvægur partur af sjálfsmynd þeirra. Það er því eiginlega óhjákvæmilegt að í sagnfræði, fremur en í öðrum fræðigreinum, komi til árekstra á milli hópsögu og raunsögu; milli þess að þjóna hagsmunum hópsins og að greina satt og rétt frá. Sagnfræði er upprunin einhverstaðar á mörkum hópsögu og raunsögu.

---

<sup>22</sup> Wilson (í *Darwin's Cathedral*) fjallar um þetta út frá þróunarfræði en grunnhugsunina má rekja til Durkheims, sjá: Emile Durkheim, *The Elementary Forms of the Religious Life*. Translated by Joseph Ward Swain (London 1976) [frumútg. 1912].

<sup>23</sup> Reyndar má finna vissa hliðstæðu í því hvernig bakteríur geta fengið erfðæfni að láni, jafnvel frá fjarskyldum lífverum, sjá: Howard Ochman, Jeffrey G. Lawrence og Eduardo A. Groisman, „Lateral gene transfer and the nature of bacterial innovation“, *Nature* 405 (18 May 2000).

Herodótos er stundum kallaður faðir sagnfræðinnar. Hann skrifaði fyrir Grikki á 5. öld f.Kr. á tímum þegar sameiginleg sjálfsmynd þeirra var að styrkjast og eflast í kjölfar Persastríðanna og sjálfsagt hafa skrif hans átt þátt í því. Hann blandaði saman raunsögu og hópsögu og mora skrif hans af furðusögum og goðsögnum enda þykir hann með óáreiðanlegri sagnfræðingum. Hann er því ekki aðeins kallaður faðir sagnfræðinnar heldur einnig faðir lyginnar. En lygarnar sem hann flutti voru þó oftast ekki heilaspuni hans sjálfs heldur hópsögulegar sagnir sem urðu til meðal Grikkja og virkuðu vel til að þjappa þeim saman, annað hvort sem heild eða sem þegnum einstakra borgríkja. Þúkýdídes var samtímamaður Herodótosar, nokkru yngri, og hefur hann einnig verið kallaður faðir sagnfræðinnar. Hann hallaði sér meira að raunsögu þegar hann skrifaði um Pelópsskagastríðið sem er kannski ástæða þess að hann hefur ekki notið sömu almennu vinsælda og forveri hans.<sup>24</sup>

Togstreitan milli hópsögu og raunsögu er þannig jafngömul sagnfræðinni og hefur fylgt henni allar götur síðan. Sagnfræðingar og sagnaritarar hafa sífellt þurft að spyrja sig: fyrir hvern er ég að skrifa? Á að skrifa þá sögu sem hópurinn krefst og þarfnast eða á að skrifa það sem sannast er og réttast. Margir hafa reynt að gera hvort tveggja í senn.<sup>25</sup>

En er það hægt? Darwinvél vísindanna leiðir til sífellt strangari krafna um sannleiksgildi, nákvæmni og vísindalegt mikilvægi og þar er viðvarandi tilhneiging til hagræðingar í orsakaskýringum sem felur í sér að sama grunnskýringin er notuð í fleiri en einu tilfelli — sama almenna lögmálið. Vísindin hafa þannig stranga raunsögulega aðferðafræði sem leiðir þau stöðugt lengra frá hópsögunni. Sagnfræðin er auðvitað ekki ósnortin af þessari þróun en aðskilnaður hópsögu og raunsögu er þó sennilega hvergi meira vandamál en einmitt hér.

Sagan er svo nátengd sjálfsmynd hópsins og aðgreiningu frá öðrum hópum að hún getur varla annað en endurspeglað þá hópsögulegu mynd sem hópurinn sjálfur kys. Hópur eins og Íslendingar velur sér þannig þá fortíð sem honum er þóknanleg, í gegnum hópsögulega sagnaritun. Raunsöguleg sagnfræði á því oft ekki upp á pallborðið hjá almenningi, stjórnámálamönnum eða öðrum þeim sem annt er um þjóðernislegar goðsagnir. Raunsagan hentar ekki hópnum, hann vill fá að hafa sínar hópsögulegu goðsagnir í friði og lítur á tilraunir raunsögunnar til að leiðrétta þær sem árás á sjálfsmynd sína. Skiljanlega er endurskoðun sögunnar sjaldan vinsæl — nema hún geti af sér nýjar og hentugri goðsagnir.

---

<sup>24</sup> Um Herodótos, Þúkýdídes og goðsagnir sjá t.d.: Carol Dougherty, „Interpreting myth“ [Chapter 15], *A Companion to Ancient History*. Ed. by Andrew Erskine (Chichester 2009).

<sup>25</sup> Þetta endurspeglast e.t.v. í nýlegri umræðu íslenskra sagnfræðinga um „að skrifa konur inn í söguna“, bæði á Gammabrekku (póstlista Sagnfræðingafélagsins) og á málþingi um efnið í febrúar 2012. Tilraunir sagnfræðinga í þá átt, að minnsta kosti þegar markmiðið er að fjölga nafngreindum konum í kennslubókum, má skoða sem viðleitni til að koma til móts við hina hópsögulegu kröfu um fortíð/goðsögur sem hægt er að nota til að móta eða styrkja hugmyndaheim og gildismat samtímans.

Þannig má segja að sagnfræðin sé að framleiða hráefni sem er notað í tveim Darwinvélum. Önnur framleiðir goðsagnir fyrir hópinn en hin framleiðir sannleika fyrir vísindin. Önnur framleiðir hópsögur, hin raunsögur. Vandinn er sá að allt önnur sjónarmið liggja til grundvallar úrvalinu í hópsöguvélinni en í raunsöguvélinni þannig að sama sagnfræðin getur sjaldan þjónað báðum hlutverkum vel.

Hvað er þá til ráða? Sá sem hér skrifar vildi gjarnan sjá sagnfræðina losna alveg undan áhrifum hópsögunnar en er ekki sérlega bjartsýnn á það. Kannski klofnar hún í tvennt þar sem sumir einbeita sér að því að matreiða sögur úr fortíðinni fólki til skemmtunar og siðbótar á meðan aðrir leggjast í að uppgötva þau lögmál sem stjórna þróun mannlegra samfélaga.

Hvað sem gerist má binda nokkrar vonir við að bókmenntir, bíómyndir og annað af því tagi komi, að minnsta kosti að hluta, í staðinn fyrir hópsögulega sagnfræði. Efni á borð við skáldsögur og kvikmyndir er í dag líklega betur til þess fallið en sagnfræði að félagsmóta ungt fólk, kenna því gildi samfélagsins, efla samkennd og annað slíkt. Þetta efni er ekki takmarkað af því sem raunverulega hefur gerst og þarf ekki að vera satt í vísindalegum skilningi. Samt getur fólk upplifað það sem „satt“ og það getur haft mikil áhrif á það hvernig við hugsum um okkur sjálf og umhverfi okkar.

Kannski má halda því fram að uppgangur skáldsögunnar á síðari tímum stafi að nokkru af því að ásókn okkar í sögur hefur ekkert minnkað þrátt fyrir að raunveruleikinn, eins og við upplifum hann og rannsökum vísindalega, verði sífellt minna „sögulegur“. Sannar sögur lúta sjaldan lögmálum frásagnarlistarinnar og nægja því illa sagnaárattu okkar. Skáldsagan fyllir upp í það gat og kannski getur hún meira að segja fyllt það gat sem vísindaleg sagnfræði skilur eftir sig í rústuðum goðsögnum um sameiginlega fortíð. Er skáldsagan jafnvel stökkbreytt afbrigði hópsagna sem fær er um að lifa af í sambýli við raunsögu, ólíkt t.d. trúarbrögðum? Eftir því sem raunveruleg þekking verður betri þá verður hún gagnslausari til að styrkja innviði hópa. Kannski að skáldsagan leysi þann vanda.

Ef til vill gildir það almennt um bókmenntir og listir að þær hafi alltaf gegnt að hluta sama hlutverki og sagnfræðin og taki það nú í vaxandi mæli yfir, eftir því sem sagnfræðin verður ófærari um það vegna sannleikskröfunnar.<sup>26</sup> Bókmenntir og listir eru ef til vill líka að taka við af trúarbrögðum á sama hátt. Trúarbrögð, sagnaritun, bókmenntir og listir hafa kannski öll meira eða minna gegnt því hlutverki hópsögunnar að styrkja innviði samfélagsins. Í samkeppni þeirra á milli virðast nú trúarbrögð og sagnaritun fara halloka.

Hin raunverulega fortíð lýtur ekki rétthugsun eða gildismati nútímans. Hún fer eftir sínum eigin lögmálum sem hafa ekkert með nútímasiðferði að gera. Til að hægt sé að nota söguna til að

---

<sup>26</sup> Um þróunarfræðilegt hlutverk lista sjá: Wilson, *The Social Conquest of Earth*, kafli 26.

innræta fólki gildismat samfélagsins þarf að neyða því upp á fortíðina. Fortíðina þarf að túlka út frá gildismati samtímans — öðruvísi er það ekki hægt. Þetta er ákveðin nauðgun á sögunni, hamlar raunverulegum skilningi og er hreinlega ekki eins árangursríkt og að nota til þess bókmenntir og listir sem geta mótað að vild þann veruleika sem boðar það sem við teljum góða siði á hverjum tíma.

Skáldsögur eiga ekki að vera sannar nema í einhverri óljósri æðri merkingu — einmitt þeirri merkingu að þær endurspeglar æðri gildi eða sannleika og stangast því ekki á við hinn hverdagslega sannleika eða vísindalega þekkingu eins og helstu aðrar félagsmótunaraðrferðir geta gert svo sem hópsöguleg sagnaritun eða trúarbrögð.

### **Að lokum**

Orsakaskýringar fela alltaf í sér almenn lögmál, hvort heldur er í sagnfræði eða á öðrum sviðum. Ef skýringin er gild í einu tilfalli þá hlýtur hún líka að vera gild í öðru tilfalli þar sem sömu aðstæður eru fyrir hendi. Að öðrum kosti er ekki hægt að halda því fram að hún skýri neitt. Þegar sagnfræðingar setja fram skýringar eru þeir því alltaf að ganga út frá almennum lögmálum janfvel þótt þeir vilji helst ekki viðurkenna það.

Það eru þó aðeins sumar skýringar sem eru þóknanlegar hópsögunni — einkum þær sem ganga út frá sérstöðu hópsins eða þjóðarinnar og vilja skýra söguleg fyrirbæri með því hvað hópurinn sé óvenjulegur og einstakur. Aðrar sögulegar skýringar vekja ekki áhuga. Þegar við greinum lögmálin á bak við skýringar sem byggja á sérstöðu hópsins þá kemur reyndar gjarnan í ljós að þau eru ankannaleg og vafasöm.

Tökum sem dæmi hvernig skýra eigi óvenjulega bókmenntaiðju Íslendinga á miðöldum. Hópsagan hefur ekkert of mikinn áhuga á að skýra þetta fyrirbæri því án skýringar getur hópurinn ímyndað sér að það séu einhverjir frábærir eðliseiginleikar Íslendinga sem þarna búi að baki. Til að skýring hljóti náð fyrir augum hópsögunnar þarf hún að byggja á því að Íslendingar séu sérstakir og óvenjulegir eða búi að einstakri menningararfleifð. Hópsagan getur þannig hugsanlega meðtekið skýringu sem leitar til uppruna Íslendinga, t.d. þá að þeir séu komir af Írum sem áttu sér sína eigin bókmenntalegu blómgun áður en Ísland byggðist.<sup>27</sup> En ef við greinum almenna lögmálið sem hér býr að baki þá getur það varla verið annað en að til að verða bókmenntaþjóð þá dugi að vera að einhverju leyti afkomendur annarrar bókmenntaþjóðar. Það hljómar fremur hæpið en er þó næstum eina skýringin sem hópsagan getur fellt sig við. Sérstaða hóps og almenn lögmál fara yfirleitt ekki vel saman.

---

<sup>27</sup> Sjá t.d.: Gísli Sigurðsson, *Gaelic Influence in Iceland: Historical and Literary Contacts. A Survey of Research*. Studia Islandica 46. Ritstjóri Sveinn Skorri Höskuldsson (Reykjavík 1988).

Við getum aftur á móti líka haldið því fram að bókmenntablómgunin hafi stafað af samkeppni á milli hópa á Íslandi (goðorða og héraðsríkja) þar sem sögur og sagnamenning gegndu miklvægu hlutverki. Fornsögunar hafi einmitt virkað sem hópsögur, þannig verið hluti af samkeppninni og það hafi ýtt undir ritun þeirra.<sup>28</sup> Almenna lögmálið hér er að samkeppni milli hópa ýti undir sagnagerð, einkum hópsagna sem nýtast í samkeppninni, og að í samfélögum með ritmenningu birtist það sem bókmenntablómgun. Sagnfræðingar sem stunda endurskoðun reka sig þó oft á að það er erfitt að breyta hugmyndum sem eru hluti af heims- og sjálfsmýnd fólks. Þessi skýring er almenn og gefur til kynna að sérstaða þjóðarinnar, uppruni eða frábærir eiginleikar skipti ekki máli og því er hún ekki þóknanleg hópsögulegri söguvitund. Frá sjónarhóli hópsögunnar gerir skýringin lítið úr afrekum okkar hóps og minnkar þannig mikilvægi fornbókmenntanna fyrir hann — og hópurinn hefur engan áhuga á því. Hópurinn vill miklu frekar ímynda sér að fornbókmenntirnar hafi orðið til vegna einhverra eiginleika sem eru sérstakir fyrir hann; vegna þess að hann er öðruvísi og einstakur. Og til að vera lífvænlegir þurfa allir hópar að ímynda sér eitthvað slíkt því þannig er fólk fengið til að *vilja* tilheyra hópnum.

Hópurinn þarf að réttlæta tilveru sína og því gerir hópsagan kröfu um að saga hans sé sérstök og helst einstök. Slík saga passar illa við almenn lögmál eða skýringar sem byggja á þeim. Það er því væntanlega fyrir áhrif hópsögunnar sem sagnfræðingar fordást almenn lögmál. Þess vegna er sagnfræðin svona skrítin.

---

<sup>28</sup> Axel Kristinsson, „Lords and literature“.